



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

3. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn fimmtudaginn 4.

apríl 2024 kl. 17:00 í Huppusal, Félagsheimilinu á Flúðum.

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason, starfsmaður Ungmennaráðs og forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Erindi frá Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd, nefndin óskar eftir hugmyndum og þátttöku ungmennaráðs í að skipuleggja Heilsuviku Hrunamannahrepps 2024 sem fram fer vikuna 16. - 22. september. Sérstaklega mögulega útfærslu á keppni milli heimila eftir því hvað hver fjölskylda er dugleg að mæta á viðburði.
 - a. Ungmenni fá fræðslu um kynheilbrigði í gegnum skóla- og forvarnarstarf, spurning hvort megi koma fræðslu til eldri aldurs hópa um kynheilbrigði í gegnum heilsuviku.
 - b. Hugmyndir að viðburðum: Brennó-mót á milli hverfa í sveitarfélagit, opin Félagsmiðstöð (Zero) fyrir alla aldurshópa, Golf-kennsla, Opin körfuboltaæfing, Kynnig á Íslenskri glímu, Flugdrekakeppni úr heimasmiðuðum flugdrekum, Pílukeppni, Bekkpressukeppni, Jógatími.
 - c. Keppni milli fjölskyldna um mætingu mætti útfæra svo að húsnum og bæjarheiti keppi sín á milli og safni þannig stigum. Mismunandi mörg stig væru fyrir að mæta á viðburði. Þannig yrði heildar fjöldi stiga á fjölskyldu misjafn, sem skilar sigurvegara.
2. Ungmennaráð bókar atriði sem bæta má í umhverfi péttbýlisins á Flúðum.
 - a. Lýsing á fótboltavelli við skólann, boltahindrun eða net sem hindrar það að boltinn fari af vellinum og út á veg. Slíkt myndi auka öryggi barna til muna á fótavelli skólans.
 - b. Ungmennaráð hefur áður bókað sl. ár um mikilvægi þess að fá betra undirlag á körfuboltavöllinn. Einnig telur Ungmennaráð að slysahætta geti stafað af stuðlaberginu sem notað er til þess að hindra aðgang ökutækja. Steinarnir hafa í gegnum tíðina stundum færst inn á völlinn.
 - c. Mikill skortur er á betri lýsingu í Lystigarðinum.

Fundi slitið kl. 18:39